

2. fundur vetrarstarfsins 2017-2018 var haldinn á heimili Kristínar Bjarnadóttur í Miðleiti 10, miðvikudaginn 4. október og var með einkar hátíðlegu ívafi enda jafnframt inntökuathöfn nýrra félagskvenna í deildina okkar.

Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn, kveikti á kertunum og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

María Pálmadóttir tók manntal og voru 24 félagskonur mættar auk fimm nýrra félagskvenna: Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir

Orð til umhugsunar flutti Ingibjörg Jóhannsdóttir og sagði frá ferð sinni til Kína á sl. sumri, þar sem hún sótti þing barnabóka í Peking og fékk tækifæri til að heimsækja barnaskóla. 6600 nemendur sækja skólann, 20 bekkir í árgangi og u.þ.b. 40 nemendur í hverjum bekk. Starfsmenn eru 400 og eru nemendur í skólanum 54 kennslustundir á viku en hver stund er 30 mínútur. Það vakti athygli hennar að þrátt fyrir fjölmenni og þröngt setið hvað starfið er skapandi og frjótt á marga vegu. Dagurinn gekk eins og smurð vél og sama mátti segja um háþróað neðanjarðarlestarhverfi stórborgarinnar.

Edda og Helga Thorlacius sameinuðust um að lesa fundargerð síðasta fundar.

Þá var komið að hápunkti kvöldsins sem var inntaka nýrra félagskvenna í Gammadeild og jafnframt í alþjóðasamtök Delta Kappa Gamma. Bryndís Jóna Jónsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir og Renata Emilsson Peskova samþykktu allar markmið samtakanna og að taka virkan þátt í starfi deildarinnar. Fengu þær nælu DKG í barminn, rós og skjal því til staðfestingar. Til að innsigla hátíðleikann var sungið Kvæði um fuglana, lag Atla Heimis með texta Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.

Jóhanna Einarsdóttir deildarforseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og félagi í Gammadeild sagði frá starfi menntavísindasviðs. Breytingum í áranna rás, framtíðarsýn og áskorunum. Deildir sviðsins eru núna þrjár: Íþrótt-, tómstunda-og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis-og menntunarfræðideild. Breyting á deildum er í nánd og verða fjórar í stað þriggja sem nú eru, þar er litið til samsetningar og áherslna á faggreinar og margbreytileika. Ögranir eru ýmsar, m.a. breytingar á samsetningu þjóðar, 100 tungumál töluð í leikskólum landsins, kennarar að eldast, færri sækja um kennaranám og brottfall er hátt. Ánægjulegt er þó að fleiri nemendur með BA eða BS próf, eða annað nám koma nú í mastersnámið. Hugmyndir eru um leiðir til lausna fyrir framtíðina svo ekki verði viðvarandi kennaraskortur og hefur meðal annars verið nefnt að stjórnvöld og sveitarfélög veiti

starfandi leiðbeinendum styrki til náms, að hefja launað starfsnám og þá þarf að búa til stöður innan skólanna. Einnig eru hugmyndir um ívilnanir, t.d. lánaniðurfelling ef kennarar skuldbinda sig til starfa í ákveðinn árafjölda eftir nám. Allt eru þetta hugmyndir sem ríki og sveitarfélög þurfa að koma að í samvinnu við háskólann.

Veitingar voru fram bornar en að þessu sinni sáu Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur og Gerður G. Óskarsdóttir um veitingar ásamt Ingibjörgu formanni og Kristínu húsráðanda.

Guðný Helgadóttir fékk rós en bæði átti hún stórafmæli og gifti sig í sumar, húsráðandi Kristín Bjarnadóttur fyrir að opna heimili sitt og Jóhanna Einarsdóttir fyrir sinn fyrirlestur.

Formaður slökkti á kertunum þremur og sleit hátíðlegum fundi þetta haustkvöld.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir.